

Nr. 020 / 11 Oddeyrin EA 210***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 2750
Smíðaður: Figureas Castrop Spáni 2000 stál
Stærð: 736,2 brl. 1356,9 bt.
Mesta lengd: 54,4 m Skráð lengd: 47,52 m
Breidd: 12,2 m Dýpt: 7,7 m
Vél: M.A.K. 2880 kW 1999
Fjöldi skipverja: 19



Oddeyrin ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrslur
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 16. janúar 2011 var Oddeyrin EA 210 á togveiðum á NV-miðum. Veður: NA 25-30 m/s., ölduhæð 3 m.

Vegna versnandi veðurs var ákveðið að hífa inn trollin en tveir skipverjar voru á trollþilfarinu að lása skottinu úr dauðaleggnum þegar sjór gekk upp í skutrennuna og inn á þilfarið. Sjórinn skolaði fótunum undan öðrum þeirra og fleytti honum fram eftir þilfarinu þar til öryggislínan sem hann var festur í stöðvaði hann. Slasaði komst yfir trollþilfarslunninguna og inn í ganginn þar sem félagar hans aðstoðuðu hann inn í íbúðir. Talið var að hann hefði tognað en eftir nokkra daga í hvíld fór hann aftur til starfa.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagðist hafa, ásamt öðrum, verið að lása skottinu úr dauðaleggnum þegar hann hafi séð útundan sér til öldunnar. Þar sem hann var kominn með keðjuna í fangið átti hann örðugt með að forða sér. Sjórinn hafi kippt undan honum fótunum og taldi hann sennilegast að þá hafi snúist upp á fótinn eða hann orðið á milli grandara og grandarapíls;
- að sögn skipstjóra gæti fóturinn hafa lent í klemmu í rist á lensporti í lunningunni og snúist upp á hann þegar slasaði stóð upp;
- að slasaði taldi skipið fremur blautt á skutinn en stjórnendur, sem hefðu betri yfirsýn, vöruðu menn við sjóum;
- að verið var að taka tvö tröll og var skutrennulokan hálf-uppreist;
- að slasaði leitaði læknis eftir að túrnum lauk 9. febrúar og við skoðun reyndist önnur pípan brotin niður við ökkklann.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.